



Upplýsingar fyrir þátttakendur rannsóknarverkefnisins „Fagleg hæfni í hjúkrun (ProCompNurse)”

Þú ert þátttakandi í vísindarannsókn sem unnin er við Háskólann í Turku. Þessi yfirlýsing lýsir því hvernig unnið verður úr persónuupplýsingum þínum í rannsókninni.

1. Ábyrgðaraðili gagna

Háskólinn í Turku, FI-20014 Turku, Finnlandi

2. Lýsing á rannsókninni og tilgangur vinnslu persónuupplýsinga

Rannsóknin er langsniðskönnun á hæfni hjúkrunarfræðinema þar sem hjúkrunarfræðinemar á lokaári, hjúkrunarstjórar og sjúklingar eru spurðir um upplifun sína af starfshæfni hjúkrunarfræðinemma á lokaári. Könnun er einnig lögð fyrir hjúkrunarfræðinema ári eftir útskrift.

Fimm evrópskir háskólar vinna saman að rannsóknarverkefninu:

Háskólinn í Turku (UTU) í Finnlandi: Samræmingaraðili

Martin Luther-háskólinn í Halle-Wittenberg í Þýskalandi: Samstarfsaðili rannsóknar

Dublin City-háskólinn á Írlandi: Samstarfsaðili rannsóknar

Vilnius-háskóli í Litháen: Samstarfsaðili rannsóknar

Alþjóðaháskólinn í Katalóníu á Spáni: Samstarfsaðili rannsóknar

3. Aðalrannsakandi eða rannsóknarhópur

Stjórnandi rannsóknarinnar er Helena Leino-Kilpi prófessor. Starfsmenn og fulltrúar ProCompNurse-verkefnisins mynda hinn ábyrga hóp við Háskólann í Turku. Heimilisfang: Hoitotieteen laitos, 20014 Turun yliopisto, Finnlandi

4. Tengslaupplýsingar gagnaverndarfulltrúa

Skrifa má gagnaverndarfulltrúa Háskólans í Turku á netfangið: dpo@utu.fi.

5. Einstaklingar sem vinna úr persónuupplýsingum í rannsókninni

Rannsóknarteymi við samstarfsháskólana fá fólk til þátttöku. Gögnum er safnað með rafrænum könnunum ProCompNurse-teymisins við Háskólann í Turku og með spurningalistum á pappír af hálfu samstarfsháskólanna í hinum löndunum. ProCompNurse-teymið við Háskólann í Turku greinir gögnin.

6. Heiti, eðli og tímalengd rannsóknarinnar

Heiti rannsóknarinnar: Fagleg hæfni í hjúkrun

Upplýsingarnar eru notaðar til að vinna vísindarannsókn. Beinum auðkennisupplýsingum er safnað í fyrria áfanga rannsóknarinnar enda notaðar til að hafa samband við þátttakendur í síðari áfanga hennar.



Tímalengd vinnslu persónuupplýsinga: Gögnunum er safnað á árunum 2018–2019. Gögnin eru greind og greint frá niðurstöðum á árunum 2018-2021. Skráin verður geymd í 15 ár eftir að verkefninu lýkur og verða óbeinar auðkennisupplýsingar geymdar við hjúkrunarfræðideild Háskólans í Turku.

7. Lagalegur grundvöllur vinnslunnar

Persónuupplýsingar eru unnar á grundvelli Almennu persónuverndarreglugerðarinnar, 1. mgr. 6. gr., almannahagsmuna / vinnslu vegna rannsókna á sviði vísinda eða sagnfræði.

8. Persónuupplýsingar sem fylgja rannsóknargögnum

Upplýsingarnar eru notaðar til að vinna vísindarannsókn. Beinum auðkennisupplýsingum er safnað í fyrria áfanga rannsóknarinnar enda notaðar til að hafa samband við þátttakendur í síðari áfanga hennar. Beinum auðkennisupplýsingum er aðeins safnað frá hjúkrunarfræðinemunum og þeim er eytt strax eftir seinni gagnasöfnunina.

M.a. er eftirfarandi gögnum safnað:

Hjúkrunarfræðinemar: Nafn, heimilisfang, netfang, kyn, aldur, menntun, starfsgrein, starf, námsár

Hjúkrunarstjórar: Kyn, aldur, menntun, starfsgrein, starf

Sjúklingar: Kyn, aldur, ástæða fyrir sjúkrahúsvist (almenn), menntun, staða umönnunaraðila

9. Viðkvæmar persónuupplýsingar

Engar viðkvæmar persónuupplýsingar verða unnar í rannsókninni.

10. Uppsprettur persónuupplýsinga

Gögn koma eingöngu frá þátttakendum sjálfum.

11. Flutningur og miðlun persónuupplýsinga til ytri aðila

Gögn eru flutt til samstarfsaðila rannsóknarinnar án beinna auðkennisupplýsinga. Hver samstarfsaðili móttækur gögnin sem safnað var í landi hans á grundvelli ítarlegrar beiðni um að nota gögnin sem eiga við það land.

Auk þess verða rannsóknargögn geymd hjá Aila-gagnaþjónustunni sem lýtur stjórn finnska félagsvísindagagnasafnsins (FSD) sem Finniska akademían og Háskólinn í Turku mæla með. Engin gögn eru flutt beint út fyrir Evrópusambandið en senda má gagnabeiðnir til Aila-gagnaþjónustunnar. Gögn eru geymd hjá Aila án beinna auðkennisupplýsinga um þátttakendur eða samstarfsstofnanir.

Samningur um flutning gagna í þágu menntastofnana með persónuverndarviðauka er gerður við alla viðtakendur gagna.



12. Flutningur eða miðlun persónuupplýsinga til landa utan ESB / Evrópska efnahagssvæðisins

Persónuupplýsingar verða ekki fluttar út fyrir ESB / Evrópska efnahagssvæðið.

13. Sjálfvirk ákvarðanataka

Engin sjálfvirk ákvarðanataka fer fram.

Persónuverndarráðstafanir: Gögnin eru geymd við hjúkrunarfræðideild Háskólans í Turku. Gögnin eru geymd á öruggan hátt í lykilorðsvörðum tækjum og lykilorðsvörðu skýjaþjónustunni Seafire sem notuð er við háskólann. Aðeins meðlimir rannsóknarteymisins hafa aðgang að rannsóknargögnum. Eyðublöð á pappír verða flutt yfir á rafrænt form. Upprunalegu eyðublöðin verða geymd á öruggan hátt í læstum skápum á hjúkrunarfræðideild.

14. Vinnsla persónuupplýsinga eftir að rannsókn lýkur

Rannsóknargögnin verða geymd án beinna auðkenna hjá hjúkrunarfræðideild Háskólans í Turku í 15 ár eftir að verkefninu lýkur.

15. Réttur þinn sem skráður einstaklingur og undantekningar frá þeim rétti

Ef þú hefur spurningar um rannsóknarskrána geturðu haft samband annaðhvort við dpo (tengsluupplýsingar að ofan) eða ábyrgan rannsóknaraðila, dr. Sanna Koskinen nýdóktor, smtkos@utu.fi

Undantekningar frá rétti skráðra einstaklinga

Samkvæmt almennum persónuverndarreglugerðinni og finnskum persónuverndarlögum má veita undanþágu frá réttindum skráðra einstaklinga þegar unnið er með persónuupplýsingar í vísindarannsóknum og réttindin gera það ómögulegt eða hamla því verulega að unnt sé að ná markmiðum vinnslunnar (í þessu tilfalli vísindarannsóknar).

Það er ávallt metið í hverju tilviki fyrir sig hvort veita þurfi undanþágu frá réttindum skráðra einstaklinga. Líklegt er að þörf sé á undanþágu frá eftirfarandi réttindum í þessari rannsókn: Eftir að henni lýkur verða rannsóknargögnin sett í geymslu án auðkenna og því getur ábyrgðaraðilinn ekki borið kennsl á þátttakanda af hinum geymdu rannsóknargögnum. Fyrir vikið er réttur til aðgangs, réttur til leiðréttingar, réttur til eyðingar, réttur til takmörkunar vinnslu og andmælaréttur ekki virkir nema þátttakandi gefi viðbótarupplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á hann.

Réttur til að leggja fram kvörtun

Þú hefur rétt til að leggja fram kvörtun til persónuverndarstofnunar lands þíns ef þú heldur að persónulegar upplýsingar þínar hafi verið unnar í trássi við gildandi persónuverndarlög.



Tengslaupplýsingar gagnaverndarfulltrúa:

Skrifstofa finnsku persónuverndarstofnunarinnar
Heimilisfang: Lintulahdenkuja 4, 00530 Helsinki
Póstfang: Pósthólf 800, 00531 Helsinki, Finnlandi
Tölvupóstur: tietosuoja@om.fi
Skiptiborð: +358 (0)29 566 6700